

Fundargerð

Íþrótt- og tómstundanevnd - 241. fundur

haldinn á Skólaskrifstofu,
1. February 2017 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir aðalmaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason, .

Dagskrá:

3. 1609620 - Stuðningur við þátttöku barna með fatlanir í íþrótt- og tómstundastarf

Lögð fram tillaga að útfærslu á reglum þar sem tekið hefur verið tillit til nokkurra athugasemda sem bárust.

Foreldraráð er beðið að skoða drög að reglum eftir að þeim var breytt eftir athugasemdir þeirra og einnig er óskað eftir umsögn Ráðgjafaráðs um málefni fatlaðra.

6. 1701478 - Frisbígólflúbbur Hafnarfjarðar, Víðistaðatún

Í lok síðasta árs var stofnaður Frisbígólflúbbur Hafnarfjarðar og sendir þetta nýja félag erindi varðandi völlinn upp á Víðistaðatúni.

Óskað er eftir því að völlurinn verði stækkaður úr sex holum/körfum í níu. Óskað er eftir því að tjöld gesta á tjaldsvæði verði ekki á frisbígólvellinum eða við brautirnar en það skapar erfiðleika fyrir þá sem spila frisbígolf og fyrir þá sem eru að tjalda.

Íþróttfulltrúa falið að fá betri upplýsingar um fjölda iðkenda.

Erindinu er vísað til Umhverfis- og skipulagssviðs

5. 1701472 - Árshátíð NFF í íþróttahúsi Strandgötu

Lagt fyrir erindi formanns Nemendafélags Flensborgarskóla þar sem óskað er eftir því að fá að halda árshátíð í íþróttahúsinu Strandgötu.

4. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Fulltrúi Ungmennaráðs fór yfir síðustu fundargerð Ungmennaráðs Hafnarfjarðar.

1. 1701136 - Niðurgreiðslur þáttökugjalda

Kynnt gögn un nýtingu á niðurgreiðslustyrk Hafnarfjarðarbæjar vegna þáttökugjalda barna í íþrótt- og tómstundastarfi fyrir árið 2016.

2. 1701262 - Ánægja í íþróttum

Fulltrúi ÍBH kynnti skýrslu sem Rannsókn og greinin vann fyrir Íþróttabandalagið varðandi ánægju þeirra barna sem stunda íþróttir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00.

Karólína Helga Símonardóttir
(n)
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir
(n)

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir
(sign)
Elísabet Ólafsdóttir (sign)
